

Reykjavík, 21. nóvember 2021

Öldungaráð Reykjavíkurborgar
Berglind Eyjólfsdóttir formaður

Við undirrituð, fulltrúar FEB – Félags eldri borgara í Reykjavík, óskum eftir skýrslu frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar vegna framlags félagsmálaráðuneytisins til Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins *Félagsstarf fullorðinna í samstarfi við sveitarfélög* sem hrint var af stað 4. mars sl.

Verkefnið er „hluti af viðspyrnuáætlun ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19 sem er ætlað að veita mótvægi vegna þeirra áhrifa sem faraldurinn hefur á viðkvæma hópa í samfélaginu. Alls verða 125 milljónir króna settar í verkefnið, sem er þrískipt.

Félagsstarf fullorðinna í samstarfi við sveitarfélög:

80 milljónir króna verða settar í félagsstarf fullorðinna í samvinnu við sveitarfélögin þar sem sveitarfélögunum gefst kostur á að sækja um fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna sem miða að því að virkja hópinn með fjölbreyttum úrræðum. Sveitarfélög geta sótt um 1.700 króna styrk fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu en gert er ráð fyrir að lágmarksframlag verði ekki undir 100.000 krónum,“ eins og sagði í tilkynningu félagsmálaráðuneytisins 4. mars sl.

Í ljósi þessa hefur Reykjavíkurborg átt rétt á um ca 30 milljónum til að verja í viðbótarverkefni í félagsstarfi fullorðinna.

Við óskum eftir að á fundi Öldungaráðs verði gefin skýrsla frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar hversu mikið fé fékkst vegna þessa átaks ríkisins og sundurliðað hvernig fénu hefur verið varið og eins ef verkefninu er ekki lokið, hvernig á að verja því fé sem eftir kann að vera óráðstafað.

Sjá nánar um þessa fjárveitingu á vef Stjórnarráðsins: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/03/04/125-milljonir-krona-til-urvunar-a-felagsstarfi-og-heilsueflingar-fullordinna-/>

Virðingarfyllt

Fulltrúar FEB í Öldungaráði Reykjavíkurborgar

Ingibjörg H. Sverrisdóttir

Ingibjörg Óskarsdóttir

Viðar Eggertsson